

16. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 11. maí 2020 í Húppusal í Félagsheimilinu á Flúðum og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Hitaveita Grafarhverfis.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá stjórnarmanni í Hitaveitu Grafarhverfis ehf (HG) varðandi möguleika á nýtingu á holunni og sjónarmið varðandi viðræður um nýtingu á holunni. Á fundinn mætir Daði Jóhannesson stjórnarmaður og gerir grein fyrir minnisblaðinu og málinu. Veitustjórn þakkar Daða fyrir yfirferðina á málinu. Veitustjóri og sveitastjóri fóru yfir þau samtöl sem þeir hafa átt vegna málsins frá síðasta veitustjórnarfundi. Veitustjórn felur veitustjóra að senda formlegt erindi til stjórnar HG og fá frá stjórninni formlegt svar um sölu/framtíðarnýtingu HG fyrir 20. maí nk.

2. Vatnsöflun fyrir Hitaveitu Flúða.

Hannibal fór yfir stöðuna frá síðasta fundi og þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um mismundi valkosti.

- Grafarholan:
Búið er að uppfæra kostaðarmat frá verkfræðistofunni EFLU um virkjun Grafarholunnar og kostað við að tengja holuna við kerfi Hitaveitu Flúða.
- Borun á Flúðum:
Fyrir liggja, sem trúnaðargögn, tvö tilboð í borun á holu á Flúðum en þriðji aðilinn dró tilboð sitt til baka.
- Nýting á vatni frá Kópsvatnsholunni.
Veitustjóri fór yfir stöðuna á greiningu á jarðhitakerfinu og næstu skref sem þyrfti að taka varðandi málin. Veitustjórn felur veitustjóra að fá Hauk Jóhannesson til að skila skýrslu um jarðhitakefin.
- Fyrir liggur tilboð frá Grími Björnssyni jarðfræðingi á skoðun vinnslugagna frá jarðhitasvæðinu á Flúðum. Veitustjórn samþykkir að fresta málinu vegna annarra verkefna.

3. Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu vatnsveitu 2019.

Fyrir liggur niðurstaða ársreiknings og yfirlit úr aðalbók vegna reksturs vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2019. Jón fór yfir helstu kennitölur reksturs vatnsveitunnar á árinu.

4. Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu fráveitu 2019.

Fyrir liggur niðurstaða ársreiknings og yfirlit úr aðalbók vegna reksturs fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2019. Jón fór yfir helstu kennitölur reksturs fráveitunnar á árinu.

5. Vatnsveita.

Hannibal fór yfir framtíðarmál vatnsveitunnar. Fyrir liggur skýrsla frá EFLU um útfærslur á meiri uppbyggingu á vatnsforða og mögulegar kaldvatnstengingar við Kópavatn og sumarhúsabyggð í Dalabyggð.

Veitustjórn samþykkir að hefja undirbúning við valkost 3 í skýrslu EFLU og að vera í sambandi við Kópavatn og Dalabyggðina um stöðu verkefnisins.

6. Umhverfisstofnun: Friðlýsingar í Kerlingarfjöllum og Geysi

Lögð voru fram erindi frá Umhverfisstofnun, annars vegar um tillögu að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar vegna Hverabotna, Neðri-Hveradala, Kisubotna og Þverfells í Kerlingarfjöllum og hins vegar vegna Geysis.

Veitustjórn tekur undir bókun sveitarstjórnar varðandi Kerlingarfjöll og áréttar að eðlilegt sé að þetta ferli verði klárað í samhengi við friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins í heild sinni

7. Hrunaljós.

Sveitarstjóri og veitarstjóri fóru yfir stöðuna varðandi framkvæmdir við lagningu ljósleiðara í Flúðahverfið. Fyrir liggur einingarverð frá Gröfutæki ehf um einstaka verkþætti vegna jarðvegframkvæmda. Þá liggja einnig fyrir fyrstu tölur um efniskaup. Veitustjórn felur veitustjóra að kanna áhuga annarra verktaka í sveitinni vegna jarðvegsframkvæmda. Þá felur veitustjórn veitustjóra um að semja um kaup á efni í verkið. Þá felur veitustjórn veitustjóra að leita eftir verðum í að blása og tengja ljósleiðarann.

8. Ásæl.

Fyrir liggjur styrkbeiðni frá Ásæl um stuðning vegna uppbyggingar og viðhalds á fjallaskálum á Hrunamannaafretti. Jón Bjarnason vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins. Veitustjórn samþykkir að veita Ásæl 50 þúsund kr. styrk til varðveislu menningarminja (gamalla sæluhúsa) inn á afrétti Hrunamannahrepps. Að öðru leyti eru málefni og uppbygging afréttarins á forræði sveitarfélagsins og því eðlilegt að beina beiðni um styrki beint til sveitarstjórnar. Hvað varðar lagfæringu á vegum/vegslóðum afréttarins er bent á að sveitarfélagið geti sótt um í styrkvegasjóð vegagerðarinnar og því eðlilegt að styrkbeiðni sem felur í sér uppbyggingu slíkra vega fari inn á borð sveitarstjórnar en ekki Hitaveitu Flúða.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:40.

Næsti fundur fyrirhugaður 25. maí n.k. kl. 15:00.